

FUNDARGERÐ

234. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 27. október 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Jón Ólafsson, Björn Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir í fjarveru Marðar Árnasonar, Mördur Áslaugarson, Guðlaugur G. Sverrisson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Ragnheiður Elín Árnadóttir, sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Sigrún Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

1) Fundargerð

Fundargerðir 229, 230, 231, 232 og 233 bornar upp og voru samþykktar.

2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í september. Tekjur séu umfram áætlun, um 51 m.kr. og er meginástæðan aukning í sölu auglýsinga. Rekstur deilda sé 3 m.kr. yfir áætlun, afskriftir 2 m.kr. yfir áætlun og fjármagnsliðir 14 m.kr. yfir, aðallega vegna verðbólguáhrifa. Hagnaður af rekstri í mánuðnum sé 22 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir 10 m.kr. tapi af rekstri. Eftir fyrstu níu mánuði ársins er 160 m.kr. hagnaður af rekstri, sem sé 88 m.kr. betri en áætlað var. Horfur fyrir afkomu á árinu 2021 benda til þess að hagnaður verði af rekstrinum 30-40 m.kr. Þá var kynnt hvernig stöðu eignfærðra sýningarrétta væri háttað en þeir voru að verðmæti 2.513 m.kr. í lok september. Eignfærðir sýningarréttir hækkuðu mikið í febrúar s.l. eftir að samið var um sýningarrétti af íþróttastórmótum allt til ársins 2028. Töluvert stór hluti af sýningarréttunum sé í erlendra mynt og því hafi gengisáhætta RÚV aukist með tilkomu stórmótasamninganna og var farið yfir möguleg áhrif á gengishagnað/tap RÚV. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum séu í takt við fjárfestingaráætlun eftir fyrstu níu mánuði ársins sem sé 313 m.kr. Farið var yfir nýja skilgreiningu á sjálfstæðum framleiðanda samkvæmt þjónustusamningi og stöðuna á kaupum af sjálfstæðum framleiðendum sem skulu nema að lágmarki 533 m.kr. á árinu 2021. Á árinu 2020 námu kaupin 633 m.kr. sem var nokkuð umfram lágmark þjónustusamningsins. Þá var kynnt þróun í fjölda starfsmanna, stöðugilda og verktaka. Eftir hagræðingaraðgerðir í lok ársins 2020 fækkaði starfsfólki eftir að hafa staðið nokkurn veginn í stað undanfarið ár. Kaup vinnu af verktökum hafi einnig verið stöðug á tímabilinu.

3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu og framvindu vinnu við stefnumótun, en þar má helst nefna að fyrr í mánuðinum var á vef RÚV opnuð ábendingagátt fyrir almenning og hafi athygli á því verið vakin í öðrum miðlum RÚV. Þá var fyrir stuttu gengið frá áframhaldandi þátttöku RÚV í samstarfi á vettvangi Almennaróms, sem er miðstöð máltækni og ber ábyrgð á framkvæmd máltækniáætlunar samkvæmt samningi við stjórnvöld. Gerð var grein fyrir því að RÚV hefði fengið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar og staðið að ráðstefnu hennar í október í samvinnu við FKA og fleiri. Þar flutti Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri RÚV erindi um mikilvægi sýnileika og jafnvægis í fjölmiðlum þegar kemur að auknu jafnrétti kynja. Stjórn var upplýst um niðurstöðu fjölmiðlanefndar vegna auglýsinga í tengslum við Sögur – verðlaunahátíð barnanna, en mat nefndarinnar sé að þar sé um barnaefni að ræða í skilningi laga og því sé óheimilt að birta auglýsingar í tengslum við það. Vakinn var athygli stjórnar á því að viðmælendagreining fyrir þriðja ársfjórðung væri nú aðgengileg á vef RÚV. Farið var yfir stöðu viðræðna við ýmis félög réttshafa og gerð stuttlega grein fyrir starfi stýrihóps EBU um fjölbreytileika, jafnræði og þátttöku, þar á meðal gerð handbókar um fyrirmyndarverkefni á þessu sviði. Líklegt er að tvö til þrjú verkefni á vegum RÚV rati inn í þá handbók. Loks var gerð grein fyrir stöðu mála vegna COVID-19, en samkvæmt viðbragðsáætlun starfar RÚV líkt og almannavarnir á hættustigi, en litlar takmarkanir séu þó á allri almennri starfsemi. Athygli stjórnar var að síðustu vakin á nýrri greiningu á notkun miðla.

4) Kynning á fréttastofu RÚV

Rakel Þorbergsdóttir fréttastjóri og Heiðar Örn Sigurfinnsson varafréttastjóri kynntu starfsemi fréttastofu.


5) Önnur mál

Stafrænt öryggi og öryggisúttekt

Útvarpsstjóri fór yfir úttekt á stafrænu öryggi hjá RÚV. Bragi Reynisson öryggisstjóri og yfirmaður tæknimála gerði nánar grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefði verið í kjölfarið. Mörður Áslaugarson fagnaði þessari úttekt og eftirfylgni hugbúnaðardeildar og var rætt um að stjórn fengi upplýsingar um stöðu mála með reglubundnum hætti.

Ákveðið að skipa þriggja manna starfshóp til að fylgjast með stöðu og framvindu vinnu við stafrænt öryggi hjá RÚV. Þrjú stjórnarmenn gáfu kost á sér, Björn G. Ólafsson, Jóhanna Hreiðarsdóttir og Mörður Áslaugarson. Voru þau samþykkt.

Fundi slitið.



The image shows four handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The signatures are: 1. Rakel Þorbergsdóttir, 2. Björn G. Ólafsson, 3. Mörður Áslaugarson, and 4. Bragi Reynisson.